

260. fundur Skólanefndar FS

24. febrúar 2004



Mættir: Kristbjörn Albertsson formaður, Ingimundur Þ. Guðnason, Pétur Brynjarsson, áheyrnarfulltrúarnir Ívar Valbergsson og Arnar Már Halldórsson og Ólafur Jón Arnbjörnsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Uppgjör vegna fjárveitinga 2003.
 2. Fjárveitingar 2004 og heimildir til innritunar á haustönn.
 3. Framkvæmdir – Nýbygging og breytingar á eldra húsnæði.
 4. Önnur mál.

1. Uppgjör vegna fjárveitinga 2003.

Skólameistari kynnti stöðu mála varðandi fjárhagsstöðu skólans. Útlit er fyrir að fjárhagsstaðan verði í jafnvægi miðað við árið 2003 en uppgjóri er ekki lokið.

2. Fjárveitingar 2004 og heimildir til innritunar á haustönn.

Skólameistari kynnti fjárveitingar til skólans fyrir árið 2004. Dugi fjárveitingar ekki á að notast við reglur um forgang nemenda við innritun sem menntamálaráðuneytið hefur boðað. Skólanefnd telur það óviðunandi ef vísa þarf nemendum frá skólanum og felur formanni og skólameistara að rita menntamálaráðherra bréf og skýra sjónarmið skólans og óska eftir nánari svörum um fjárveitingar fyrir 2004.

3. Framkvæmdir – Nýbygging og breytingar á eldra húsnæði.

Skólameistari sagði frá stöðu mála varðandi nýbyggingu en það vekur nokkrar áhyggjur að framkvæmdir eru 5 vikum á eftir áætlun. Skólameistari kynnti einnig kostnaðaráætlun vegna nýbyggingarinnar. Verið er að undirbúa útboð vegna breytinga á eldra húsnæði. Skólanefnd lýsir áhyggjur sínum yfir því að framkvæmdir eru á eftir áætlun og leggur áherslu á þeim verði lokið á umsömdum tíma.

4. Önnur mál.

- a) Fulltrúi nemenda, Arnar Már Halldórsson, sagði frá söngleik um sögu Hljóma sem verið er að setja upp í skólanum og verður frumsýndur 19. mars. Skólanefnd fagnar þessu framtaki og hvetur nemendur til dáða.
- b) Boðið verður upp á tvær nýjar námsbrautir í haust, listnámsbraut og flugþjónustubraut.

Fleira ekki gert og fundi slitið.


Guðmann Kristþórsson,
fundarritari

Guðmann Kristþórsson
Sunnubraut 46
230 KEFLAVÍK

Reykjanesbæ 15. nóvember 2003

Menntamálaráðuneytið,
Deildarstjóri fjárhagsdeildar,
Hr. Gísli Þór Magnússon,
Sölvhólgötu 4,
150 Reykjavík

Efni: Fjölbrautaskóli Suðurnesja - fjárhagsstaða 2003 og fjárlagagerð fyrir 2004

Fjárhagsstaða 2003

Eins og fram kemur í bréfum og upplýsingum til ráðuneytisins um fjölda nemenda á haustönn 2003 er ljóst að nemendaígildi á árinu verða um 150 ígildum hærri en gert er ráð fyrir í fjárveitingu til skólans fyrir fjárlagaárið 2003. 150 ígildi samsvara um 75 milljónum króna og ef ekki fæst aukafjárveiting til að mæta þessu verður augljóslega verulegur rekstrarhalli á árinu.

Eins og ráðuneytinu er vel ljóst hefur skólinn ekki verið í skuld við ríkissjóð síðastliðin 12 enda hefur jafnan verið brugðist við með viðeigandi aðgerðum á miðju ári ef stefnt hefur í óefni.

Fjölgun nemenda hefur verið jöfn síðastliðin áratug, en eins og ráðuneytinu er kunnugt fjölgaði nemendum verulega frá hausti 2003 og áætlað er að áframhaldandi fjölgun verði. Þá fjölgun má einkum skýra af stærri árgöngum á svæðinu (sjá tölur Hagstofu Íslands), en einnig að stærri hluti ungs fólks á Suðurnesjum sækir nú framhaldsnám en fyrr og nalgast nú lands-meðaltal.

Skólinn hefur ítrekað vakið athygli á þessari þróun og lagt fram nemendaspar því til staðfestingar, enda voru þau gögn í raun forsenda þess að viðbótarrými upp á 3000m² er nú í smíðum við skólaninn og verður tekið í notkun 1. ágúst 2004.

Ráðuneytinu var gerð grein fyrir því fyrir upphaf haustannar 2003 að ætti skólinn að taka við öllum þeim sem sótt höfðu um skólavist á haustönn yrði að koma til aukin fjárveiting. Skólanefnd væntir þess að fjárveiting fáið sem nemur fjölguninni við afgangið aukafjárlaga.

Fjárlagatillögur 2004

Í fjárlagatillögum fyrir árið 2004 eru nemendaígildi skólans skráð 630 og því vanáætluð um ekki færri en 150 og óskar skólanefnd þess að tekið verið tillit til þessa.

Fjölbrautaskóli Suðurnesja þjónar öllum íbúum Suðurnesja og telur sig í raun ekki geta hafnað umsóknum þeirra sem rétt eiga til að stunda þar nám eða vísa þeim annað.

Það er hinsvegar jafnframt stefna skólans að útgjöld samræmist þeim fjárveitingum sem honum er úthlutað.

Fáist ekki full viðurkenning á auknum nemendafjölda vegna 2003, né staðfesting þess að tekið verði tillit til fjölgunar í fjárlagatillögum 2004 og þar með hærri fjárveitingum til skólans, er ekki hægt að skilja stefnu ráðamanna öðruvísi en svo að skólinn eigi ekki að taka við öllum nemendum af Suðurnesjum sem til hans sækja.

Skólinn mun þá ekki sjá sér annað fært en að bregðast við strax og taka ekki við umsóknum nýnema á vorönn 2004. Umsækjendum á vorönn 2004 hefur þegar verið tilkynnt að inntaka þeirra í skólann er með fyrirvara um fjárveitingar til kennslu fyrir 2004.

Virðingarfyllst,

Ólafur Jón Arnbjörnsson,
Skólameistari

Fjölbrautaskóli Suðurnesja 1998-2002

	1998	1999	2000	2001	2002
Gjöld	248.203.771	263.216.003	229.088.702	321.381.210	347.742.718
Sértekjur	12.002.987	19.148.047	15.438.783	10.425.145	8.466.781
Aðrar rekstrartekjur	12.168.608	12.157.050	12.177.000	10.176.550	15.572.040
Tekjur samtals	24.171.595	31.305.097	27.615.783	20.601.695	24.038.821
Framlag ríkissjóðs	239.804.574	251.866.000	194.117.000	288.160.000	314.385.000
Eignir	14.420.061	33.184.307	23.329.415	13.012.108	11.778.191
Eigið fé í lok árs	10.054.824	30.009.918	22.653.999	10.034.484	715.587

Fylgiskjal 1 með skólasamningi 2004

FS

Fjárframlög til framhaldsskóla 2004 byggjast á óskertu reiknilíkani. Framlag til skólans samkvæmt því og að teknu tilliti til verðlagsbreytinga og væntanlegrar ársnemendafjölgunar á árinu (fjölgunar frá forsendum fjárlaga), verður kr. 383,4 millj. á grundvelli nemendatölunnar 710 (samanlögð tala dagskóla, fjarnáms og umreiknaðrar nemendatölu kvöldskóla, eftir því sem við á).

Í uppgjöri við skólana vegna ársins 2004 verður gert ráð fyrir efri mörkum greiddrar nemendatölu (dagskóla, fjarnáms og kvöldskóla) við allt að 720 ársnemendur á reglulegu dagskólaverði og þarf ekki að leita sérstakrar heimildar ráðuneytisins vegna breytinga innan þessa ramma.

Rík áhersla er lögð á að fjárheimildir á árinu 2004 miðast við þann ramma nemendafjölda sem tilgreindur er hér að ofan. Aðrar heimildir eru ekki fyrir hendi. Uppgjör við skólana mun miðast við þá hámarkstölu allra nemenda skólans.

Menntamálaráðuneytið vinnur að undirbúningi reglna um skráningu í framhaldsskóla (þ.m.t. fjarnám og öldungadeildir) og er vinna við þær á lokastigi. Í reglunum verður kveðið á um forgang nemenda við innritun í framhaldsskóla. Reglur þessar verða kynntar skólunum og er við það miðað að skólarnir fari að þeim við innritun nemenda fyrir haustönn 2004.

Vera kann að þessi rammi sé annar en tiltekið er í gildandi skólasamningi og verður í því sambandi að vísa til síðustu efnisgreinar 1. geinar samningsins svohljóðandi:

Rekstrarframlag skólans er ákveðið í fjárlögum og er því samningurinn háður samþykki Alþingis á fjárlagatillögum menntamálaráðuneytis. Nái tillögur ráðuneytis um fjárveitingar á fjárlögum ekki fram að ganga skal skólanum gerð grein fyrir því svo fljótt sem auðið er. Þá metur skólinn horfur á framgangi þeirra verkefna sem samningurinn gerir ráð fyrir og ákveða samningsaðilar sameiginlega hvort ástæða er til sérstakra aðgerða, s.s. að fresta ákveðnum verkefnum eða draga úr umfangi rekstursins.

Uppgjör fyrra árs: **47,0** millj. kr.

Áætlaðar ríkistekjur: **6,0** millj. kr.

Laun	Rekstur	Eignakaup	Gjöld samtals	Sértekjur	Gjöld umfram tekjur
316,4	63,7	7,4	387,6	4,1	383,4 millj. kr.

vor 00

dagskóli	680
öldungadeild	170
netagerð	12
Starfsbraut	8

vor 01

dagskóli	650
öldungadeild	170

vor 02

dagskóli	670
öldungadeild	200
starfsbraut	8
netagerð	20

vor 03

dagskóli	720
öldungadeild	200
starfsbraut	15
netagerð	40

vor 04

dagskóli	774
öldungadeild	152
starfsbraut	17
netagerð	10

haust 00

dagskóli	750
öldungadeild	260

haust 01

dagskóli	740
öldungadeild	200
starfsbraut	8
netagerð	20
10. bekkingar	67
(stæ, ens)	

haust 02

dagskóli	741
öldungadeild	220
starfsbraut	15
netagerð	40
10. bekkingar	131
(stæ, ens, hvm, spæ)	

haust 03

dagskóli	879
öldungadeild	230
starfsbraut	17
netagerð	21
10. bekkingar	157
(stæ, ens, hvm, nýs, spæ, þýs)	

haust 04**áætlun**

dagskóli	900
öldungadeild	210
starfsbraut	18
netagerð	12

Ár	1976	1977	1978	1979	1980
Fjöldi	293	439	516	418	468
Ár	1981	1982	1983	1984	1985
Fjöldi	460	507	534	527	579

Ár	1986	1987	1988	1989	1990
Fjöldi	577	560	564	601	582

Ár	1991	1992	1993	1994
Fjöldi	664	680	699	726

Ár/ önn Fjöldi
nemenda

vor 95

dagskóli	650
öld	160

Ár/ önn Fjöldi
nemenda

haust 95

dagskóli	754
öld	213

vor 96

dagskóli	665
öld	215

haust 96

dagskóli	755
öld	252

vor 97

dagskóli	733
öld	250

haust 97

dagskóli	750
öld	270

vor 98

dagskóli	697
öld	260

haust 98

dagskóli	740
öld	260
10. bekkingar	17

vor 99

dagskóli	678
öld	260
Starfsbraut	8

haust 99

dagskóli	720
öld	215
Starfsbraut	8
netagerð	12
10. bekkingar	24

Nemendafjöldi í grunnskólum Reykjanesbæjar

2003-2004

	Bekkur	1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	Samt.
Árgangur		97	96	95	94	93	92	91	90	89	88	
Heiðarskóli		41	47	59	45	58	42	39	47	53	50	481
Holtaskóli		43	54	45	44	58	44	41	45	48	40	462
Myllubakkaskóli		37	37	37	33	37	41	41	34	38	42	377
Njarðvíkurskóli		45	32	36	50	36	61	39	28	41	47	415
Samtals		166	170	177	172	189	188	160	154	180	179	1735

Nemendafjöldi í nágrannabyggðum

Gerðaskóli	18	22	23	20	26	19	20	23	23	22	216
Sandgerðisskóli	21	26	15	26	25	37	23	22	31	25	251
St.Vogaskóli	16	17	19	28	24	21	24	21	12	24	206
Grunnsk. Grindavíkur	37	49	41	57	40	52	38	51	31	41	437
Samtals	92	114	98	131	115	129	105	117	97	112	1110

Nemendafjöldi í árgangi næstu 10 ár	258	284	275	303	304	317	265	271	277	291	2845
-------------------------------------	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	-----	------



MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Skólameistarar framhaldsskóla

Sölvhólsgrötu 4, 150 Reykjavík

sími: 545 9500, bréfasími: 562 3068

postur@mm.stjr.is

www.menntamalaraduneyti.is

Reykjavík 2. febrúar 2004

Tilvisun: MMR04011034/9.0/AE/--

Bréfi þessu fylgja grunnupplýsingar fylgiskjals 1 með skólasamningum um framlag ríkisins til skóla yðar skv. fjárlögum 2004.

Varðandi ráðstöfunarfé ársins 2004 þarf að skólinn að taka mið af áramótastöðu 2003 - 2004.

Í samræmi við reglugerð um framkvæmd fjárlaga og ákvæði skólasamninga er farið fram á að skólinn skili ársskýrslu fyrir árið 2003, rekstraráætlun ársins 2004 og bráðabirgðauppgjóri fyrir 2003.

Að þessu sinni mun ráðuneytið senda í tölvupósti form rekstraráætlunar og ársuppgjörs, ásamt nokkrum eyðublöðum fyrir upplýsingar sem gert er ráð fyrir að verði safnað árlega og fylgi ársskýrslum framvegis.

Rík áhersla er að öðru leyti lögð á stutta ársskýrslu sem snúist fyrst og fremst um sett markmið skv. skólasamningi.

Óskað er eftir að rekstraráætlun 2004 verði skilað 10. febrúar en öðrum umbeðnum gögnum verði skilað fyrir 20. febrúar nk.

Á næstunni taka tengiliðir skólanna upp vinnu á ný við frágang fylgiskjals 1 fyrir 2004 um úrlausnarefni, fyrirætlanir og stöðu mála í samskiptum skóla og ráðuneytis, nú þegar uppgjör ársins 2003 og fjárheimildir 2004 liggja fyrir.

F.h.r.

Örlygur Geirsson

Aðalsteinn Eiríksson



MENNTAMÁLARÁÐUNEYTIÐ

Skólameistarar framhaldsskóla

Sölvhólgötu 4, 150 Reykjavík
sími: 545 9500, bréfasími: 562 3068
postur@mm.stjr.is
www.menntamalaraduneyti.is

Reykjavík 3. febrúar 2004
Tilvísun: MMR04020078/3.1/AE/--

Bréf þetta varðar undirbúning fjárlagagerðar framhaldsskóla 2005.

Menntamálaráðuneytið gerir ráð fyrir að tillögur eða hugmyndir framhaldsskóla um fjárframlög umfram reglubundin framlög skv. reiknilíkani fyrir árið 2005 komi fram í viðræðum við tengiliði skólanna fyrir 13. febrúar nk.

Skólar hafa einnig tök á því að skrá fjárlagatillögur sínar á fjárlagavef fjármálaráðuneytisins.

Nýtt vinnulag við áætlun sértekna var tekið upp í fjárlagagerð fyrir 2004, þ.e. sértekjur skólanna voru áætlaðar af menntamálaráðuneytinu í ljósi reynslutalna undanfarinna ára. Skólarnir eru nú beðnir að setja fram sína eigin áætlun fyrir 2005, við tengiliði, með öðrum fjárlagatillögum.

Þar sem vinnulag fjárlagagerðarinnar er orðið tiltölulega fastmótað taldi fjármálaráðuneytið ekki ástæðu til að senda stofnunum sérstakt bréf varðandi leiðbeiningar vegna vinnu að gerð fjárlagaerinda fyrir árið 2005. Í þess stað er vísað til leiðbeininga sem unnið hefur verið eftir undanfarin ár sem eru til staðar á Fjárlagavefnum.

F.h.r.

Gísli P. Magnússon

Aðalsteinn Eiríksson

Kostnaðaráætlun vegna nýbyggingar FS

Tekjur:

Miðað við normkr. 1. júní 2003	13.498 stig	Kr.	343.663.264
5% leiðrétting frá 1. jan. 2004-02-12		kr.	17.331.163
Væntanleg endurgreiðsla á vsk		kr.	11.000.000
Samtals		kr.	371.994.427

Gjöld:

Tilboð Hjalti Guðmundss.	Kr.	369.110.468
Tækniþjónusta SA	kr.	6.000.000
Verkþjónusta Kristjáns	kr.	4.700.000
Tilboðskostnaður	kr.	2.000.000
Stjórnun	kr.	3.500.000
Bókhald og fjárgæsla	kr.	1.600.000
Ýmsir verktakar	kr.	2.500.000
Lögfræðikostnaður	kr.	250.000
Hitaveita Suðurnesja	kr.	1.500.000
Ýmislegt smálegt	kr.	300.000
Samtals	kr.	391.460.468

Mismunur kr. 19.466.041

Keflavík 12. febrúar 2004

Jón Sæmundsson